

Vesturbyggð  
Ármann Halldórsson,  
forstöðumaður tæknideildar  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. janúar 2013

Tilvísun: UST20121200151/há

### Deiliskipulagstillaga vegna fódurstöð fyrir laxeldi við Hlaðseyri á Patreksfirði

Umhverfisstofnun vísar í erindi Vesturbyggðar dags 17. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar á deiliskipulagstillögu vegna fódurstöðvar fyrir laxeldi við Hlaðseyri á Patreksfirði.

#### Almennt um framkvæmdina

Í greinargerð segir að gert sé ráð fyrir í deiliskipulagi 2642 m<sup>2</sup> iðnaðarlóð, ásamt aðkomu fyrir fódurstöð laxeldis. Innan byggingareits er gert ráð fyrir tveimur allt að 80 m<sup>2</sup> húsum, annars vegar starfsmannahúsi og hinsvegar véla- og verkstæðishúsi ásamt fódursilóum. Húsin eru færanleg gámahús á púða, klædd með svörtu timbri og með mænisþaki klæddu grænmáluðu bárujárnri. Fram kemur í greinargerð að mænishæð megi vera allt að 4 m frá jörðu. Plan verður með sjávarmöl og kantar verða hlaðnir með stórgrýti. Bannað verður að beygja til austurs (hægri) þegar komið er inn á þjóðveg og skilti þar að lútandi sett upp.

Fram kemur í greinargerð að kvöð sé um frjálsta umferð gangandi fólks sunnan lóðar í fjöruborði. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er ekki heimilt að byggja nær vötnum, ám eða sjó en 50 metra. Í skilgreiningu vatna, áa og sjávarsvæða í fyrrnefndri skipulagsreglugerð falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar og er almennt ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða.

Í greinargerð segir að leiðandi markmið við allar framkvæmdir skal vera að hús og lóð falli vel að umhverfinu. Umhverfisstofnun tekur undir að mannvirki skuli fella að landi og bendir á að í náttúruverndarlögum nr. 44/1999 í 35. gr. sem fjallar um hönnun mannvirkja segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands“.


Í greinargerð segir að deiliskipulag þetta sé í samræmi við aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 m.s.br.

## Niðurstöður

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um fráveitu og meðhöndlun skólps í greinagerð. Stofnunin telur að koma skuli fram hvaða aðferð verði notuð við meðhöndlun skólps. Umhverfisstofnun bendir enn fremur á að frágangur á fráveitu frá laxeldinu og skólpi skuli vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Að öðru leyti en því er að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillögu vegna fódurstöðvar fyrir laxeldi við Hlaðseyri á Patreksfirði.

Virðingarfyllst



Ólafur A. Jónsson  
deildarstjóri



Hákon Ásgeirsson  
sérfræðingur